

25. janúar 2013
1301110

Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (eigendur, eigið fé, útibú o.fl., EES-reglur), 141. löggjafarþing, 501. mál.

Með tölvubréfi dags. 11. janúar 2013 óskaði nefndarsvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram leitast sé við að lagfæra ýmis ákvæði laganna eftir ábendingum um atriði sem betur mætti fara. Auk þess er um að ræða ýmsar lagfæringar á innleiðingu tiltekinnna Evróputilskipana. Hér að neðan eru athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins:

Í greininni er hugtakið *Endurverðbréfuð staða* (e. re-securitisation position) sett fram sem áhætta vegna endurverðbréfunar. Hér er um að ræða þýðingu á 1. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2010/76/EU þar sem segir: „*re-securitisation position means an exposure to a re-securitisation*“. Seðlabankinn telur ekki rétt að nota orðið áhætta fyrir orðið „*exposure*“, í tillögðum 15. og 16. tölul. 1. gr. a. Betra væri að nota orðið „*virði*“ í báðum tilvikum. Í eiginfjárútreikningum fengi virði eignarinnar áhættuvigt eftir áhættunni.

Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn telur ekki nauðsynlegt að birta svo ítarlegan lista í reikningum allra fjármálafyrirtækja. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða fjárhæð sem nemur ekki nema rúmri 1 milljón króna. Hins vegar mætti lögfesta það, að tilkynna ætti Fjármálaeftirlitinu um eignarhald allra sem eiga yfir 1%. Mögulega mætti réttlæta birtingu á eignahlutum undir 5% hjá kerfislega mikilvægum stofnunum, en þá væri nærtækast að tilgreina að birta skuli eignarhald umfram 5% eða yfir tiltekinni fjárhæð, t.d. yfir 100 milljónum króna.

Seðlabankinn vill hins vegar leggja áherslu á mikilvægi þess, að við birtingu eignarhluta, þá sé átt við einstakling en ekki lögaðila. Seðlabankinn leggur því til að seinni málsliðurinn sem hefst á

orðunum „Sé viðkomandi lögaðili“ verði breytt í: „Sé viðkomandi lögaðili skal jafnframt koma fram hvaða **einstaklingar** séu raunverulegir eigendur eignahlutarins.“

Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn gerir sömu athugasemd og við 3. gr., varðandi birtingu á eignarhlutum yfir 1% í öllum fjármálafyrirtækjum. Einnig telur Seðlabankinn nægjanlegt að birta nöfn og ríkisfang í stað nafna og heimilisfanga.

Ákvæðið á betur heima í XIII. kafla, undir 108. gr. (*Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja*) og kæmi á eftir 1. mgr. greinarinnar eða í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, í IV. kafla, : (*Þagnarskilda, upplýsingaskipti, Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.*)

Athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins:

Seðlabankinn gerir ekki efnislega athugasemd við greinina. Vísa má í athugasemd við 3. gr. hér að ofan varðandi birtingu á nöfnum og heimilisföngum aðila með eignahlut yfir 1% í öllum fjármála-fyrirtækjum.

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins:

Ákvæði þetta er í raun innleiðing á 8. gr. svokallaðrar CRD IV tilskipun Evrópusambandsins, er nefnist „*Directive of the European Parliament and of the Council on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate*“.

Ekki er alveg ljóst í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitið skuli meta áhrif sinna eigin ákvarðanna á fjármálakerfið í heild sinni en þó er talað um að þetta eigi einkum við í neyðartilvikum.

Seðlabankinn vill benda á að ákvæðið getur verið sérdeilis íþyngjandi fyrir Fjármálaeftirlitið, því skv. íslenskum lögum þá er það Fjármálaeftirlitið sem hefur heimild til víðtækra inngripa í starfsemi fjármála-fyrirtækja, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 161/2002. Slíkt er ekki algengt í löndunum í kringum okkur. Ef þetta hefði verið fyrir hendi í október 2008 þá hefði fjármálaeftirlitið t.d. þurft að taka tillit til mögulegra áhrifa vegna yfirtöku Kaupþings á fjármálastöðugleika í

Danmörku (vegna FIH bankans), yfirtöku Landsbanka Íslands á fjármálastöðugleika í Bretlandi o.s.frv.

Í bráðabirgðaákvæði VI, 7. mgr. er sérstaklega tekið fram að ríkið beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða á grundvelli VI bráðabirgðaákvæðis (um sérstakar ráðstafanir sem FME til að takmarka hættu á tjóni á fjármálamarkaði). Í ljósi ríkisábyrgðar á þá væri æskilegt að setja reglugerð eða ítarlegri útfærslu í lögunum varðandi þetta ferli, Sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi: „Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera [seðlabankastjóra] viðvart.“ Tilsvarandi ákvæði mætti setja inn varðandi þær ráðstafanir sem FME grípur skv. 7.mgr. bráðabirgðaákvæðis og gætu haft í för með sér kostnað fyrir ríkið.

Seðlabankinn leggur því til að þessi grein úr CRD IV verði ekki innleidd nú, heldur verði greinin innleidd á sama tíma og CRD IV bálkurinn verður innleiddur. Nú þegar er starfandi hópur á vegum ráðuneytisins í þeirri vinnu. Jafnframt er starfandi hópur á vegum ráðuneytisins sem á að vinna að almennri löggjöf um yfirtöku fjármálafyrirtækja (e. Special Resolution regime). Seðlabankinn mælir eindregið með því að innleiða ofangreint ákvæði úr Evróputilskipuninni samhliða til þess að betri samhljómur sé á milli þess og annarra lágaákvæða sem varða þetta í CRD IV og í löggjöf um yfirtöku fjármálafyrirtækja.

Seðlabankinn gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri